

**Nd.**

**335. Breytingartillaga**

við frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Hannesi Jónssyni og Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr. Fyrsta málsgr. orðist þannig:

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, Sláturfélag Suðurlands einn, Kaupfélag Borgfirðinga einn, Búnaðarfélag Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.